

LISTIR

Kjarvalsstaðir

Yfirlitssýning á verkum Magnúasar Pálssonar

Nú stendur yfir yfirlitssýning á verkum Magnúasar Pálssonar á Kjarvalsstöðum. Magnús hefur um langt árabil verið í fremstu röð íslenskra framúrstefnulistamanna og einkum unnið skúlptúra, umhverfisverk og performansa. Hann hefur sýnt verk sín sjálfstætt eða með öðrum á u.þ.b. 50 sýningum hér heima og erlendis. Þá hefur hann verið kennari í listtilraunum og nýlistadeildum listaskóla.


Magnús stundaði nám í leikmyndagerð í Birmingham í Englandi, Reykjavík og Vínarborg á árunum 1949-56. Næstu tuttugu árin vann hann við leikmyndagerð hér á landi og var höfundur fjölda leikmynda í Þjóðleikhúsinu, hjá Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó og hjá Grímu, en hann var einn af stofnendum þar og formaður um skeið.

Í fréttatilkynningu segir: „Magnús Pálsson var einn aðalþátttakandinn í þeim umbreytingum í íslensku listalífi á 7. áratuginum þegar framsæknir listamenn settu til hliðar hefðbundin efni og aðferðir við listsköpunina og tóku að vinna út frá listhugmyndum tengdum fluxushreyfingunni, Arte Povera og concept-listinni.

Myndverk Magnúasar eiga það yfirleitt sameiginlegt að vera á mörkum þess, sem við erum von að kalla myndlist í daglegu tali. Það er ekki hægt að skilgreina

þau með einföldum hætti, sem málverk, höggmynd, grafík eða teikningu og á seinni tímum hafa þau nálgast það að verða bókmenntir, hljóðverk eða tónverk eða jafnvel leiklist, án þess þó að tengslin við myndlistarhugtakið séu að fullu rofin.“

Sýningin verður opin daglega frá kl. 10-18 til 23. október og verður kaffistofa Kjarvalsstaða opin á sama tíma.



EITT verka Magnúasar Pálssonar á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

Þriðjudags-
tónleikar á
Ara í Ögri

ÍRIS Guðmundsdóttir söngkona verður næsti gestur með Tríói Björns Thoroddsens á veitingastaðnum Ara í Ögri, í kvöld kl. 22.30.

Með tríóinu ætlar Íris að syngja m.a. blús, gospel og jass. Tríóið skipa þeir Björn Thoroddsen á gítar, Gunnar Hrafnsson á kontrabassa og Ásgeir Óskarsson á slagverk. Aðgangur er ókeypis.


September-
tónleikum
lýkur

SÖNGHÓPURINN „Ensemble l'homme armé“ flytur eitt þekktasta verk eftir tónskáldið G.P. da Palestrina, „Missa papae Marcelli“, fyrir sjö raddir í Selfosskirkju í kvöld kl. 20.30 en í ár er þess minnst að 400 ár eru frá dauða tónskáldsins.

Sönghópin skipa Marta Halldórsdóttir sópran, Hildigunnur Halldórsdóttir sópran, Sigurður Halldórsson kontratenór, Sverrir Guðmundsson tenór, Helgi Bragason tenór, Halldór Vilhelmsson bassi og Eggert Pálsson bassi. Hilmar Örn Agnarsson, dórmorganisti í Skálholti, spilar verk eftir J.S. Bach á undan og eftir „messunni“ og inn á milli messulíðanna leikur hann samsvarandi þætti fyrir orgel eftir annan Ítala, G. Frescobaldo.

Prófkjör

28. og 29. október




Markús Örn
í 4. sæti

Sjáðu hlutina
í víðara samhengi!

Morgunblaðið

-kjarni málsins!



RÁÐSTEFNA UM

erlendar fjárfestingar

PANN 29. SEPTEMBER N.K. Á HÓTEL LOFTLEIÐUM



LAUGAVEGI 170 • Sími 61 97 00

13.00 Setning ráðstefnunnar. Brynhildur Sverrisdóttir framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagins Skandia.

13.10 Agnar Jón Ágústsson hagfræðingur hjá Skandia fjallar um atriði sem ber að hafa í huga við skoðun erlendra fjárfestinga.

13.30 Bo Johansson frá Skandia í Svíþjóð fjallar um stöðu og horfur á Skandinavíska verðbréfamarkaðinum.

14.00 Nigel Storer frá Fidelity Investments í Bretlandi fjallar um stöðu og horfur á evrópska verðbréfamarkaðinum.

14.30 Kaffihlé (kynningarbásar opnir).

15.00 Eggert Sverrisson forstöðumaður fjárfestinga Íslandsbanka hf. fjallar um framvirka samninga og erlend verðbréfaúpa.

15.30 Simpson O. Donoghue frá Invesco fjallar um stöðu og horfur á verðbréfamarkaðinum í Asíu.

16.00 Chris Burling frá Gartmore Capital Management fjallar um stöðu og horfur á bandaríska verðbréfamarkaðinum.

16.30 Ráðstefnuslið. Lettar veitingar fyrir ráðstefnugesti.

Í kaffihlé og að lokinni ráðstefnu verða fulltrúar verðbréfafyrirtækjanna með kynningarbása þar sem þeir dreifa gögnum og svara spurningum um erlendar fjárfestingar.

VERÐ: 1.000 kr.

SKANDIA GREIÐIR GÖTU ÞÍNA Á ERLENDUM VERÐBRÉFAMARKAÐI